

Miðvikudaginn 19. nóvember 1997.

Nr. 471/1997.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

gegn

Gunnari Ólafssyni

(Sveinn Andri Sveinsson hdl.)

Kærumál. Kærufrestur. Frávísun máls frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 17. nóvember 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 19. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 13. nóvember 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 2. mars 1998 kl. 16.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur að viðstöddum varnaraðila fimmtudaginn 13. nóvember 1997 kl. 13.45. Kæra varnaraðila barst hins vegar héraðsdómi 17. sama mánaðar kl. 12.48. Var þá liðinn þriggja sólarhringa frestur, sem kveðið er á um í 2. mgr. 144. gr. laga nr. 19/1991 til kæru úrskurðarins. Þegar af þeirri ástæðu verður málinu vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Málinu er vísað frá Hæstarétti.
